

Ed.

78. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um vita, sjómerki o. fl.

Frá Aug. Flygenring og Sigurði Stefánssyni.

Á eftir 7. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Nákvæmari ákvæði um starfrækslu vita og sjómerkja, og um ráðstafanir til að afstýra hættum og farartálmum á höfnum og skipaleiðum umhverfis landið, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Og breytist greinatalan eftir því.